



Alþingi

Erindi nr. **D** 120,1580

komudagur 18/4 1996

Vilhjálmur Egilsson formaður
Efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 1996

Í tilefni umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sendast yður til fróðleiks samþykkt Prófessorafélags Háskóla Íslands og afrit af bréfi rektors til menntamálaráðherra, dags. 28. mars s.l., þar sem greint er frá bókun háskólaráðs um þetta efni.

Virðingarfyllst


Sveinbjörn Björnsson rektor




HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rektor

SUDURGÖTU
101 REYKJAVÍK
SÍMI 525 4302

AFRIT

Björn Bjarnason,
menntamálaráðherra,
Menntamálaráðuneyti,
Sölvhólsgötu 4,
150 Reykjavík



BÓKAÐ

Reykjavík, 28. mars 1996

Á fundi háskólaráðs í dag var lagt fram bréf frá prófessor Guðmundi Magnússyni formanni Prófessorafélags Háskóla Íslands þar sem hann greinir frá fundi í félaginu 25. mars s.l. og samþykkt sem þar var gerð og kynnt hefur verið ráðherra.

Háskólaráð gerði svofellda bókun:


„Háskólaráð telur stöðu prófessora Háskólans sem embættismanna skipta sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla og rannsóknarstofnunar. Ráðið felur rektor að vinna að því að prófessorar teljist embættismenn samkvæmt frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“.

Þessari bókun er hér með komið á framfæri við menntamálaráðherra með von um stuðning við þennan vilja háskólaráðs.

Virðingarfyllst


Sveinbjörn Björnsson rektor

LAGT FRAM Í
HÁSKÓLARÁÐI 28/3 1996



BÓKAÐ


Reykjavík, 25. mars 1996

Hr. háskólarektor
prófessor Sveinbjörn Björnsson

Hjálögð tillaga var samþykkt á fundi í Prófessorafélagi Háskóla Íslands í dag með 37 atkvæðum gegn einu.

Í samræmi við niðurlagsorð greinargerðarinnar er óskað eftir fulltingi háskólaráðs við tillöguna við fyrsta tækifæri.

Með vinsemd og virðingu,


Guðmundur Magnússon,
formaður félagsins

Fundur í Prófessorafélagi Háskóla Íslands
25. mars 1996

Tillaga frá stjórn félagsins

Fundur í Prófessorafélagi Háskóla Íslands haldinn 25. mars 1996 felur stjórn félagsins að vinna að eftirfarandi breytingu á frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:

Prófessorum í Háskóla Íslands verði bætt inn í upptalningu á embættismönnum samkvæmt 22. gr. frumvarps til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Til vara skal stjórn félagsins hlutast til um að fá yfirlýsingu ráðherra menntamála og fjármála um að prófessorar verði áfram embættismenn ríkisins, eins og þeir hafa verið allar götur frá því Háskóli Íslands var stofnaður 1911.

Greinargerð

Árangur af starfi Háskóla Íslands ræðst af því hvernig að honum er búið. Verði prófessorar settir skör lægra en aðrir embættismenn ríkisins má búast við því að Háskólanum reynist erfitt að laða til sín hæfustu menn á hverju fræðasviði. Vegsemd Háskóla Íslands og laun prófessora eru vitnisburðir um þá menntastefnu sem yfirvöld ætla að halda uppi í íslensku samfélagi. Laun og staða prófessora eru því ekkert einkamál þeirra. Þess vegna er nauðsynlegt að tekin séu af öll tvímæli um stöðu prófessora sem embættismanna.

Launakjör prófessora, eins og raunar annarra háskólakennara, hafa hríðversnað undanfarna tvo áratugi miðað við stéttir embættismanna sem prófessorar stóðu áður jafnfætis við. Vænlegasta leiðin til að bæta úr þessu er að kaup þeirra og kjör ákvarðist af *Kjaranefnd*. Jafnframt verður háskólaráð að tryggja prófessorum áunnin réttindi, svo sem rannsóknarleyfi skv. gildandi reglum og greiðslur úr Vinnumatssjóði.

Prófessorar vilja vera áfram sem *deild í Félagi háskólakennara* og vinna að sameiginlegum málefnum starfsmanna skólans á þeim vettvangi.

Ætlunin er að óska eftir fulltingi háskólaráðs við tillöguna og koma henni á framfæri við ráðherra strax og færi gefst.